



Sorphirða og flokkun

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur minnir íbúa á að vera dugleg að flokka úrgang nú þegar margir eru meira heima við en jafnan og meiri úrgangur fellur til á heimilum.

Eftirfarandi eru nokkur góð ráð fyrir flokkun á úrgangi:

- Einnota umbúðir undir matvæli á að skola og setja í rétta flokkunartunnur.
- **Í græna tunnu** fer hreint plast, bæði mjúkt og hart. Mjúkt plast er t.d. plastpokar, plastfilma og bóluplast. Hart plast er til að mynda plastbakkar og – brúsar og önnur plastílát af ýmsu tagi undan hreinsiefnum og matvöru auk frauðplasts og minni hluta úr plasti.
- **Í bláu tunnuna** má setja fimm flokka af pappír og pappa. Þeir eru: bylgjupappi, dagblöð/tímarit, fernur, skrifstofupappír og umbúðapappír.
- **Gráa tunnan** er ætluð fyrir blandaðan úrgang frá heimilum.

Frekari upplýsingar um flokkun úrgangs má finna á eftirfarandi slóð:

<https://reykjavik.is/thjonusta/flokkun-urgangs>